

<b>Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022</b>	
<b>Sveitarfélag:</b>	Strandabyggð
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:</b>	Varðar Hólmavík
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	11. janúar 2022 (fundargerð hefur þegar verið send).
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á 1. grein.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	<p>Gerð er tillaga um sérstök skilyrði í Strandabyggð varðandi 4. gr. að henni verði breytt með þeim hætti að 25% úthlutaðs byggðakvóta verði skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 75% verði skipt hlutfallslega, til sömu skipa, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan byggðarlagsins á síðasta fiskveiðiarinu.</p> <p>Tillaga er um eftirfarandi breytingar (rauðletraðar) á 1. málslíð í 4. grein:</p> <p>Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiarins, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal <b>25% úthlutaðs byggðakvóta skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 75% skal skipt hlutfallslega, til sömu skipa</b>, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.</p>
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Álit sveitarstjórnar og röksemdir fyrir þessari breytingu, er að hún stuðli að nýliðun í greininni og ýti undir hana. Um leið sé komið til móts við þær útgerðir sem landað hafa afla sínum í byggðarlaginu og uppfylla almenn ákvæði og kröfur.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	<p>Gerð er tillaga um breytingu á 6. grein, ákvæði um vinnsluskyldu fellt niður og sett inn ákvæði um löndunarskyldu á þeim afla sem telst til byggðakvóta í byggðarlaginu.</p> <p>Tillaga er um eftirfarandi breytingu á 1. málslíð 1. mgr. í 6. gr. og hún verði svohljóðandi eftir brottfellingar:</p> <p>Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta innan hlutaðeigandi byggðarlags á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022. Skilyrði þess að afla teljist landað er að honum sé haldið aðskildum frá öðrum afla ásamt því að vera vigtaður og skráður sérstaklega við vigtun á hafnarvog. Aflinn</p>

	<p>skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.</p> <p>Í upphafi 3.mgr. 6. gr reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður „telst hafa verið landað til vinnslu“.</p>
<p><b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b></p>	<p>Byggðakvótinn er afar mikilvægur fyrir sveitarfélagið og atvinnulíf á staðnum. Sveitarfélagið hefur átt í vök að verjast vegna fólksfækkunar og rekstur verið erfiður og er nú þáttakandi í verkefninu Brothættar byggðir. Ekki er starfandi fiskvinnsla í byggðarlaginu og með þeim rökum óskar sveitarstjórn eftir að þessi breyting verði samþykkt. Mikilvægt er þó að löndunarskylda verði vegna þeirrar atvinnusköpunar sem henni fylgir og áhrifa á tekjur sveitarfélagsins, enda er starfandi fiskmarkaður á Hólmavík.</p>